

Skagfirðingar

Stöðugreining og forsendur
tillögu samstarfsnefndar um
sameiningu Akrahrepps og
Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Róbert Ragnarsson
Freyja Sigurgeirsdóttir
Gunnar Úlfarsson

26. nóvember 2021

Efnisyfirlit

	bls.
I. Skipulag og markmið	3
II. Stöðugreining	9
i. Stjórnsýsla	16
ii. Fræðslu- og félagsþjónusta	23
iii. Áherslur gagnvart ríki og þingi	28
iv. Frístunda- og menningarmál	32
v. Umhverfis- og skipulagsmál	37
vi. Fjármál	41
III. Skilabréf og álit samstarfsnefndar	53
i. Fyrirmynd kjörseðils	55
ii. Tillaga að auglýsingu í lögbirtingablaði	56

Fyrirvari og notkunarréttur

- Í skýrslu þessari er niðurstöðum greininga ráðgjafa lýst, sem og hugmyndum samstarfsnefndar um mögulega framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins, verði sameiningin samþykkt.
- Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá sveitarfélögunum, sérfræðinga sem unnu með nefndinni og vinnu á íbúafundum. Jafnframt var aflað gagna úr opinberum skýrslum og gagnagrunnum.
- Gengið er út frá því að gögn og upplýsingar sem aflað hefur verið séu byggð á traustum grunni og því hefur ekki verið framkvæmd sérstök áreiðanleikakönnun. Aðilar verkefnisins hafa yfirfarið skýrsluna fyrir birtingu.
- RR ráðgjöf ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni eða niðurstöður skýrslunnar eftir birtingu.
- RR ráðgjöf ber ekki ábyrgð á túlkun eða nýtingu upplýsinga eða þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli þessa verkefnis. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar kunna að vera á grundvelli verkefnisins, liggur hjá þeim aðilum sem þær taka.
- Notkunarréttur skilgreindra afurða verkefnisins nær til samstarfsnefndar. Geta skal heimilda við birtingu.
- Verkefnisstjóri var Róbert Ragnarsson.
 - Ráðgjafar voru Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson.

RR
RÁÐGJÖF

Skipholt 25
105 Reykjavík
rrradgjof.is

Markmið

- Sveitarstjórnir Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna tveggja og munu íbúar kjósa um tillöguna í upphafi árs 2022.
- Verkefnið hefur hlotið verkefnisheitið *Skagfirðingar* og er unnið í samræmi við stefnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu sveitarfélaga og þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.
- Skipuð hefur verið samstarfsnefnd með fimm fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi og tveimur til vara. Stefnt er að því að samstarfsnefnd skili álit sínu til sveitarstjórna í nóvember næstkomandi með það fyrir augum að kynning tillögunnar hefjist í desember og að kjördagur verði í febrúar 2022.
- Markmið verkefnis er að kortleggja hugsanlegan ávinning, veikleika og helstu viðfangsefni við sameiningu sveitarfélaganna í víðtæku samráði við íbúa.
- Samstarfsnefndin hefur samið við RR ráðgjöf um að stýra verkefninu og leiða vinnu við greiningar.



UM VERKEFNIÐ ▾




Skipulag verkefnisins

- Í lok apríl 2021 ákváðu sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga að hefja vinnu við að skoða kosti og galla sameiningar.
- Óformlegar sameiningarviðræður fóru fram með tilheyrandi greiningarvinnu og íbúafundum.
- Í september ákváðu sveitarstjórnir að hefja formlegar sameiningarviðræður sem mun ljúka með kosningu íbúa í febrúar.



Skipulag verkefnisins



Um er að ræða tillögu að tímalínu verkefnisins. Nákvæmar dagsetningar íbúafunda í janúar verða kynntar íbúum þegar þær liggja fyrir.

Samstarfsnefndin

- Skipuð var samstarfsnefnd með fimm fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi og tveimur til vara hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Í samstarfsnefnd sitja:

Frá Akrahreppi:

- Drífa Árnadóttir
- Eypór Einarsson
- Hrefna Jóhannesdóttir, formaður
- Ragnhildur Jónsdóttir
- Sigríður Sigurðardóttir

Frá Sveitarfélaginu Skagafirði:

- Álfhildur Leifsdóttir
- Gísli Sigurðsson
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir
- Jóhanna Ey Harðardóttir
- Sigfús Ingi Sigfússon
- Ólafur Bjarni Haraldsson, varamaður
- Regína Valdimarsdóttir, varamaður

Málaflokkar

- Samstarfsnefndin lagði sérstakt mat á ákveðna málaflokka sem teknir voru fyrir á fundum nefndarinnar með aðkomu sérfræðinga.
- Lagt var mat á núverandi stöðu sveitarfélaganna og möguleg áhrif sameiningar.
- Framtíðarsýn, tækifæri og áskoranir í málaflokkunum voru einnig rædd.
- Niðurstöður nefndarinnar voru færðar í minnisblöð sem eru aðgengileg á www.skagfirdingar.is.
- Hér á eftir verður fjallað um hvern málaflokk fyrir sig.

I. STJÓRNSÝSLA

II. FRÆÐSLU- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA

III. ÁHERSLUR GAGNVART RÍKI OG ÞINGI

IV. FRÍSTUNDA- OG MENNINGARMÁL

V. UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL

VI. FJÁRMÁL

Stöðugreining


Stöðumat og greining áhrifa sameiningar

SVÓT greining

- Á vinnustofu með kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna tveggja, þann 29. júní 2021., voru þátttakendur leiddir í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri hvors sveitarfélags voru greind.
- Þátttakendur voru einnig beðnir um að greina frá þeim áhersluatriðum sem að þeirra mati ætti að vera ráðandi ef til formlegra sameiningarviðræðna kæmi.

Íbúapróun

Íbúapróun og spá 2001 - 2031



Heimild: Hagstofa, Byggðastofnun

- Íbúafjöldi í ársbyrjun 2021 var:
 - 210 í Akrahreppi.
 - 4084 í Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Íbúafjöldi sameinaðs sveitarfélags hefði verið 4.294.
- Miðspá Byggðastofnunar 2019-2021 gerir ráð fyrir íbúafækkun í Skagafirði.
 - Undanfarin ár hefur það þó ekki verið raunin en frá árinu 2015 hefur íbúum í Skagafirði fjölgað ár hvert og hafa þeir ekki verið fleiri frá árinu 2011.

Lýðfræðilegir veikleikar

- Lýðfræðilegir veikleikar byggja á aðferðarfræði Nodregio (e. Demography vulnerability index).
- Um er að ræða einkunn sem byggir á 10 mælikvörðum yfir lýðfræðilega veikleika sveitarfélags, s.s. aldurssamsetningu, fæðingar- og dánartíðni.
- Mælikvarðinn gefur til kynna hvernig lýðfræðileg samsetning sveitarfélags ætti að vera til að tryggja góða aldursamsetningu til lengri tíma
- Mælikvarðinn er einn af mælikvörðum til að mæla hvort sveitarfélag sé öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi skv. þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Lýðfræðilegir veikleikar

Sveitarfélög	Veikleiki ef	Akrahreppur	Sv. Skagafjörður	Skagfirðingar
Fæðingartíðni	Undir 10,5	9,5	8,8	8,8
Dánartíðni	Yfir 8,9	4,8	9,1	8,8
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	2	44	46
Hlutfall 0-14 ára	Undir 17,3%	16,7%	18,2%	18,2%
Hlutfall 15-24 ára	Undir 12,0%	20,5%	13,5%	13,9%
Hlutfall 25-54 ára	Undir 39,1%	32,9%	37,3%	37,1%
Hlutfall 55-64 ára	Yfir 12%	8,6%	13,2%	13,0%
Hlutfall 65 +	Yfir 19,5%	21,4%	17,7%	17,9%
Konur - Karlar	Færri konur en karlar	14	-64	-50
Konur á móti 100 körlum (15-64 ára)	Færri en 93	106,3	98,3	98,6
Lýðfræðilegir veikleikar		4	5	4

Heimild: Byggðastofnun

- Tölur eru frá 1. janúar 2021.
- Rauðlitaðar tölur merkja lýðfræðilega veikleika samkvæmt áðurnefndum Nodregio mælikvarða. Yfirlitið er tekið saman af Byggðastofnun.
- Akrahreppur býr yfir fjórum veikleikum.
- Sveitarfélagið Skagafjörður býr yfir fimm veikleikum.
- Sameinað sveitarfélag byggi yfir fjórum veikleikum.

SVÓT greining

Akrahreppur

Styrkleikar

- Góðar samgöngur
- Nálægð við þjóðveginn
- Öflugur landbúnaður
- Stutt í alla þjónustu
- Sveitarfélagið er skuldlaust
- Góðir innviðir
- Stuttar boðleiðir
- Laus við flokkspólítík

Veikleikar

- Háð tekjum úr Jöfnunarsjóði
- Stjórnsýslan þyngist
- Fáir sem eru tilbúnir í framboð til sveitarstjórnar
- Megin ákvarðanir varðandi þjónustusamninga teknar á Sauðárkróki
- Skortur á leikskólaplássum
- Fámenni

Ógnanir

- Breytingar á jöfnunarframlögum
- Auknar kröfur á stjórnsýsluna og rekstur sveitarfélaga
- Lokanir eða breytingar í Varmahlíð
- Breytingar í landbúnaði
- Missa rödd sveitarfélagsins í ákvarðanatöku
- Að öll þjónusta fari á Krókinn

Tækifæri

- Uppbygging Varmahlíðar sem kjarna fyrir framhéraðið
- Bættar samgöngur
- Brú til að tengja framhéraðið
- Jarðgöng undir Öxnadalsheiði
- Stuðla að betri þjónustu fyrir eldri borgara
- Uppbygging í ferðaþjónustu
- Aukinn slagkraftur

SVÓT greining

Sveitarfélagið Skagafjörður

Styrkleikar

- Gott þjónustustig og stutt í þjónustuna
- Góð fjárhagsleg staða
- Stöðugt/sterkt/fjölbreytt atvinnulíf og lítið atvinnuleysi
- Fjölskylduvænt sveitarfélag
- Hitaveita um nánast allan fjörð
- Sterk stjórnsýsla, og samhent sveitarstjórn
- Góðir innviðir

Veikleikar

- Vantar fjölbreytileika í atvinnulíf
- Misjafnt þjónustustig, minna utan 550
- Skortur á leikskólalássum
- Aukið samtal við íbúa, opna betur á aðgang íbúa að stjórnsýslu, kynning á þjónustu og verkefnum
- Ástand gatnakerfis
- Hrepparígur

Ógnanir

- Niðurskurður af hálfu ríkisins
- Fólksfækkun í sveitum
- Hækkun meðalaldurs íbúa og aukning þjónustu
- Lagabreytingar
- Afhendingaröryggi á heitu og köldu vatni og raforku
- Breyting á regluverki Jöfnunarsjóðs
- Skortur á hjúkrunar- og öldrunarrýmum

Tækifæri

- Sterkari mannauður
- Aukið íbúalýðræði
- Samræma og einfalda þjónustu og stjórnsýslu í Skagafirði
- Hagkvæmni í rekstri
- Frekari uppbygging í Varmahlíð
- Styrkja þéttbýliskjarna utan Sauðárkróks
- Tækifæri í skólamálum
- Sameina Skagafjörð!

Áhersluatriði við sameiningarviðræður

Akrahreppur

- Öflugt skólasamfélag
- Aukin þjónusta við alla aldurshópa í framhéraðinu
- Styrkja framhéraðið í heild
- Halda í skólastarfið – grunnþáttur sem verður að vera
- Hafa talsmann/talsmenn úr framhéraðinu sem kemur áherslunum á framfæri
- Bættar samgöngur
- Finna nýtt nafn fyrir sameinað sveitarfélag ef til sameiningar kæmi

Sveitarfélagið Skagafjörður

- Samstaða um uppbyggingu þjónustukjarna fyrir framhéraðið í Varmahlíð
- Jafna þjónustustig í dreifbýli og þéttbýli
- Ekki yfirtaka heldur sameining
- Einfalda og flýta skólauppbyggingu í Varmahlíð
- Sameina íbúa Skagafjarðar
- Einfaldari og öflugri stjórnslá
- Aukið íbúalýðræði
- Metnaðarfullt sveitarfélag sem er öflugur málsvari gagnvart ríkisvaldinu
- Móta sameiginleg áhersluatriði gagnvart ríkisvaldinu í tengslum við mögulega sameiningu, t.d. hvað varðar samgöngumál

Stjórnsýsla

Stöðumat og greining áhrifa sameiningar

Samráð var haft við stjórnendur og sérfræðinga í málaflokknum

Samstarfsamningar

- Bæði sveitarfélögin eru aðilar að sjö samningum um samstarf:
 - Stofnsamningur Norðursorps [Norðurá] bs.
 - Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra
 - Samningur milli Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um framkvæmd verkefna
 - Sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk
 - Skipulagsskrá fyrir Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
 - Samningur milli Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa
 - Samkomulag um samstarf um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra
- Auk þess er Akrahreppur í samstarfi við Hörgársveit um fjallskil.

Sveitarstjórn og nefndir

- Í Akrahreppi sitja fimm fulltrúar í sveitarstjórn og jafn margir til vara.
- Nefndir sveitarfélagsins eru níu.
 - Mikill munur er á virkni milli nefnda sem helgast m.a. af því að ekki er til samþykkt um stjórn og fundasköp og verkefni nefndanna ekki nægilega skilgreind.
 - Fjallskilanefnd er virkasta nefndin.
- Akrahreppur hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp í samræmi við 9. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.
 - Stefnt er að endurskoðun á nefndum um leið og samþykktar um stjórn og fundarsköp fer fram.
- Sveitarfélagið kaupir ýmsa þjónustu frá þriðja aðila
 - T.a.m. skólaakstur, félagsleg ráðgjöf, snjómokstur.
- Í Sveitarfélaginu Skagafirði sitja níu fulltrúar í sveitarstjórn og jafn margir til vara
- Fastanefndir eru 10, auk fjallskilanefnda.
 - Fundir nefnda eru reglubundnir og almennt mjög virkar.
 - Byggðaráð og skipulags- og byggingarnefnd funda alla jafna oftast.
 - Nefndir hafa ekki heimild til fullnaðarafgreiðslu.
- Þjónustusamningar sveitarfélagsins eru helst í snjómokstri, skólaakstri, mat í leik- og grunnskóla á Sauðárkróki og sálfræðiþjónustu.
 - Að öðru leyti sér sveitarfélagið sjálft um að veita íbúum þess þjónustu.

Lögskyld verkefni og áætlanagerð

- Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf. Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna. Í töflunni hér til hægri má, í dæmaskyni, sjá tilgreiningu verkefna sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum.
- Akrahreppur er eitt af fimm sveitarfélögum á landinu sem hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp. Mikilvægt er að bætt verði úr því, sameinist sveitarfélögin ekki, svo íbúar sveitarfélagsins hafi fullnægjandi upplýsingar um stjórnsýslu og stjórnskipulag Akrahrepps og að ákvarðanir séu teknar á lögmætum grundvelli.

Lögskyld verkefni	Akrahreppur	Sv. Skagafjörður
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Nei	Já
Aðalskipulag í gildi	Já	Já
Húsnæðisáætlun í gildi	Nei	Já
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Á ekki við	Já
Loftlagsstefna	Nei	Í vinnslu
Grunnskólastefna í gildi	Já	Já
Leikskólastefna í gildi	Já	Já
Siðareglur birtar	Nei*	Já
Staðfesting ársreiknings	Já	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já**	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Nei	Já
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Nei	Já

* Siðareglur eru til en ekki birtar.

** Afgreiðsla hreppsnefndar ekki í samræmi við auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Framtíðarsýn

- Að mati samstarfsnefndar er mikilvægt að finna leiðir til að tryggja meiri þátttöku íbúa við ákvarðanir sveitarstjórnar.
 - Á sama tíma þarf að tryggja skilvirkni og fagmennsku í ákvarðanatöku með hagsmuni íbúa og atvinnulífs í Skagafirði að leiðarljósi.
- Mikilvægt er að skapa traust milli íbúa og sveitarstjórnar
 - Leggja frekari áherslu á að raddir alla íbúa heyrast, hvort sem þeir séu búsettir í dreifbýli eða þéttbýli.
- Að mati samstarfsnefndar eru helst tvær leiðir færar en til greina kemur að blanda saman beinum þátttökuleiðum íbúa og svæðisbundnum ráðum.

Bein þátttaka íbúa

- Upplýsingar og fræðsla til íbúa um þátttökuleiðir
- Ábendingakerfi þar sem hægt er að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri
- Reglulegir íbúafundir um ákveðin mál, líkt og er gert í Sveitarfélaginu Skagafirði í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar
- Tækifæri til að knýja fram íbúafundi um tiltekin mál
- Spurt og svarað hnappur á vefsíðu sveitarfélags

Fulltrúalýðræðisvettvangur fyrir einstök svæði


- T.d. Hverfisráð eða „Heimastjórnir“
- Til þess að hverfisráð nái góðum árangri er nauðsynlegt að:
 - þau hafi vel skilgreind verkefni
 - þau geti komið málum á dagskrá sveitarstjórnar
 - fulltrúar hafi skýrt umboð íbúa

Tillaga að stjórnskipulagi

- Lagt er upp með að í sameinuðu sveitarfélags verði níu manna sveitarstjórn og skilvirkt nefndarstarf.
 - Byggðaráð fari með hlutverk framkvæmda- og fjármálastjórnar.
 - Nefndir verði tiltölulega margar í samanburði við önnur sveitarfélög með það að markmiði að stuðla að þátttöku.
- Nefndir verði starfandi um eftirfarandi málaflokka
 - Fræðslumál
 - Félagsþjónustu- og tómstundir
 - Umhverfismál
 - Skipulagsmál
 - Atvinnu- og menningarmál
 - Veitumál
 - Kjörstjórn
 - Fjallskilanefndir
- Stjórnskipulag barnaverndarmála mun taka breytingum í ljósi nýrra laga, hvort sem af sameiningunni verður eða ekki.
- Auk þess verði starfandi notendaráð, svo sem:
 - Öldungaráð
 - Ungmennaráð
 - Notendaráð í félagsþjónustu
 - Mögulega hverfisráð

Tillaga að skipuriti

Aðkoma íbúa að ákvörðunum með hverfisráðum og/eða beinu lýðræði



- Litakóðar
- Sveitarstjórn og fastanefndir
- Notendaráð
- Blæbrigði af bláum nær yfir starfsmenn
- Embættin heyra undir sveitarstjóra en hafa tilteknar fullnaðarafgreiðsluheimildir



Fræðslu- og félagsþjónusta

Stöðumat og greining áhrifa sameiningar

Samráð var haft við stjórnendur og sérfræðinga í málaflokknum

Skólastarf í Skagafirði

- Sveitarfélagið Skagafjörður annast alla framkvæmd skólastarfs í Skagafirði á grundvelli samnings við Akrahrepp um framkvæmd verkefna
 - Meðal þeirra er grunnskóla-, leikskóla- og tónlistarskólajónusta.
- Sveitarfélagið Skagafjörður rekur þrjá leikskóla:
 - Leikskólinn Birkilundur, Varmahlíð
 - Nemendur beggja sveitarfélaga sækja þangað nám.
 - Leikskólinn Ársalir, Sauðárkróki
 - Leikskólinn Tröllaborg, Hofsósi og Hólum
- Sveitarfélagið Skagafjörður rekur þrjá grunnskóla:
 - Grunnskólinn austan Vatna, á Hólum og Hofsósi
 - Árskóli, Sauðárkróki
 - Varmahlíðarskóli, Varmahlíð
 - Nemendur beggja sveitarfélaga sækja þangað nám.
- Sveitarfélagið rekur einnig Tónlistarskóla Skagafjarðar.
 - Aðalsetur á Sauðárkróki en kennslustaðir eru í öllum grunnskólum í Skagafirði.
 - Nemendur beggja sveitarfélaga sækja þangað nám.

Leikskóli	Deildir	Nemendur	Stöðugildi
Birkilundur	3 í tveimur húsum	37	14,2
Ársalir	9 í tveimur húsum	164	53,7
Tröllaborg	2 á tveimur stöðum	27	11,7

Skólar	Nemendur	Stöðugildi
Grunnskólinn austan Vatna	71	19,7
Árskóli	365	66,9
Varmahlíðarskóli	103	27,8
Tónlistarskóli Skagafjarðar	146	8,3

Félagsþjónusta

- Í samstarfssamningi sveitarfélaganna er ekki gert ráð fyrir því að Sveitarfélagið Skagafjörður sinni félagsþjónustu fyrir hönd Akrahrepps með sama hætti og fræðsluþjónustu.
- Barnaverndarnefnd Skagafjarðar er sameiginleg fyrir sveitarfélögin.
 - Sveitarfélagið Skagafjörður kys fjóra fulltrúa og Akrahreppur einn.
- Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur og stjórnslu barnaverndarmála á grundvelli samstarfssamningsins en Akrahreppur tekur ákvarðanir um veitingu þjónustu.
 - Akrahreppur getur keypt sérfræðiþjónustu af Sveitarfélaginu Skagafirði en fyrir það er greitt sérstaklega.
- Sveitarfélögin eru bæði aðilar að samningi um Sameiginlegt þjónustusvæði á Norðulandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.
 - Byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
 - Sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag samningsins og annast heildstæða þjónustu við fatlað fólk á svæðinu öllu.

Sveitarfélagið Skagafjörður

- Sveitarfélagið sinnir eftirfarandi þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðs fólks:
 - félagsleg ráðgjöf, heimaþjónusta, sérstakur húsnæðisstuðningur, félagslegt leiguhúsnæði.
- Í gildi eru reglur um fjárhagsaðstoð, reglur um húsnæðismál og reglur um sérstakan húsnæðisstuning.

Akrahreppur

- Akrahreppur hefur gert samning við sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa. Meðal verkefna sem hann sinnir snúa að:
 - félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslegri heimaþjónustu.
- Íbúar Akrahrepps hafa ekki þurft að greiða fyrir heimaþjónustu.
- Ekki eru í gildi reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar eða úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis í sveitarfélaginu en sveitarfélögum er skylt að setja slíkur reglur.
 - Verið er að endurskoða þetta fyrirkomulag í Akrahreppi.

Framtíðarsýn fræðsluþjónustu

Mögulegar breytingar á skólastarfi

- Í ljósi umfangsmikils samstarfs milli sveitarfélaganna er ekki gert ráð fyrir því að miklar breytingar yrðu á skólastarfi í Skagafirði ef til sameiningar sveitarfélaganna kæmi.
 - Ekki gert ráð fyrir að sameiningin hefði áhrif á almennt starfsfólk, nemendur, kennara og foreldra þeirra.
 - Gjaldskrár eru samræmdar og því munu þær ekki breytast við sameiningu.
- Mögulegar breytingar snúa að innra starfi og skipulagi skólanna.
 - Að mati nefndarinnar mun sameining leiða til einfaldari og skilvirkari ákvarðanatöku, auk þess að auðveldara væri að tryggja jafnræði milli nemenda og að þeir fái sömu þjónustu.
- Í núverandi fyrirkomulagi hafa íbúar og kjörnir fulltrúar Akrahrepps lítil áhrif á ákvarðanatöku í ljósi þess að Sveitarfélagið Skagafjörður sér um rekstur og framkvæmd þjónustu.
 - Með sameiningu skapast tækifæri fyrir íbúa Akrahrepps til beinnar aðildar að ákvarðanatöku.

Framtíðarsýn félagsþjónustu

Mögulegar breytingar í félagsþjónustu

- Ólíkar reglur gilda í sveitarfélögunum tveimur og ef kæmi til sameiningar þyrfti að samræma regluverk í málaflokknum.
- Sameining hefði líklegast í för með sér jöfnun á þjónustustigi auk þess að samþætting þjónustu gæti reynst auðveldari í innleiðingu.
 - Börn í Akrahreppi eiga rétt á samþættri þjónustu í skólastarfi frá Sveitarfélaginu Skagafirði en ekki í félagsþjónustu sem skapar ákveðið ósamræmi og ójafnræði í þjónustustigi.
- Bæði sveitarfélög stefna að breyttri og bættri þjónustu við eldri borgara. Sameinist sveitarfélögin þarf að samræma gjaldskrár.
 - Verði ekki af sameiningu þarf Akrahreppur engu að síður að leggja mat á hvort eigi að hefja gjaldtöku í heimaþjónustu.
 - Tækifæri eru til að samnýta mótuneyti skólanna til að bjóða eldri borgurum heitan mat og jafnvel bjóða upp á heimsendingu.
 - Fjarlægðir og mönnun við akstur eru þó áskoranir.
- Utanaðkomandi áskoranir eru auknar faglegar kröfur hins opinbera og mönnun starfa til að sinna þjónustunni.
- Áskoranir felast einnig í að veita íbúum í þéttbýli og dreifbýli sama stig þjónustu.

Áherslur gagnvart ríki og þingi

Helstu áherslumál og hagsmunir svæðisins

Tækifæri og framtíðarsýn mögulega sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði voru rædd á fundi samstarfsnefndar, auk þess var leitað eftir sjónarmiðum íbúa á samráðsfundum

Sammælst var um þrjú áhersluverkefni

Kjálkabru

- Hugmyndir um gerð brúar yfir Héraðsvötn við Flatatungu á Kjálka hafa lengi verið uppi og tillaga til þingsályktunar um gerð brúar lögð fram á Alþingi 1994.
 - Vegagerðin skilaði umsögn um tillöguna og taldi aðstæður til vegagerðar frekar góðar en tillagan náði ekki fram að ganga.
- Í október 2018 skilaði Sveitarfélagið Skagafjörður inn umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu þingsályktunar um samgönguáætlun 2019–2023 og 2019–2033.
 - Sveitarfélagið gerði athugaemd við að þar væri ekki ekki að finna verkefni um nýja brú yfir Héraðsvötn.
- Samstarfsnefndin metur að mikill einhugur íbúa á svæðinu sé að verkefnið um brúna komist til framkvæmda.
 - Hún myndi tengja saman framhérað Skagafjarðar sem nýttist vafalaust framhéraðinu og öllu samfélagi Skagafjarðar vel.
- Ekki hefur verið fundinn endanleg staðsetning fyrir brúna en verkefnið er að finna í aðalskipulögum beggja sveitarfélaga.
- Meginmarkmiðin eru:
 - samráð við Vegagerðina
 - koma verkefninu inn á samgönguáætlun og hefja hönnum
 - gera verkefnið að Áhersluverkefni SSNV í samgönguáætlun
 - að nýta framkvæmda til að skapa áningarstað fyrir ferðamenn á svæðinu.

Atvinnuþróun

- Samstarfsnefndin fjallaði ítarlega á fundum sínum um atvinnuþróun í Skagafirði og að áhersla skuli vera lögð á þann málaflokk.
- Helstu verkefni og tækifæri að mati nefndarinnar felast í sögu- og menningartengdri ferðaþjónustu og Rannsókn- og frumkvöðlamiðstöð.

Sögu- og menningartengd ferðaþjónusta

- Skapa þarf skýran farveg eða form fyrir þróun og uppbyggingu sem snýr m.a. að:
 - Sturlungasögu – Kakalaskáli.
 - áherslu á að styrkja tengsl sveitarfélagsins og Hólaskóla í sögutengdri ferðaþjónustu og til rannsókna
 - Hólastaður er á Norðurstrandaleiðinni
 - Byggðasafni Skagfirðinga sem er í sameiginlegri eign sveitarfélaganna
 - Landnámsskáli í Glaumbæ

Rannsókn- og frumkvöðlamiðstöð landbúnaðar í Skagafirði

- Koma upp aðstöðu til nýsköpunar og þróunar, byggða á sérstöðu Skagafjarðar.
 - Nýta tækifæri í nýrri tækni, svo sem á sviði frostþurrkunar.
- Skapa aðstöðu eða vettvang fyrir fólk til að vinna sínar eigin vörur.
 - Beint frá býli.
- Leitað verði samstarfs við aðila í sambærilegum verkefnum.
- Stuðla að sjálfbærni í rekstri og auka verðmæti og virðisauka í landbúnaði.
- Rannsóknir sem snúa að riðuveikivörnum og viðbragði.

Menntasókn í Skagafirði

Menntasókn í Skagafirði

- Tækifæri eru til að efla og styrkja menntasókn á svæðinu.
- Öflugt skólastarf er í Skagafirði en tækifæri eru til að efla það enn frekar.
 - Sérstaklega Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Háskólann á Hólum.
- Stækkun Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
 - Samstaða er á meðal sveitarfélaganna á svæðinu.
 - Frumhönnun og kostnaðarmat liggur fyrir.
- Háskólinn á Hólum.
 - Tryggja þarf áframhaldandi vöxt háskólans í alþjóðlegum stafrænum heimi.
 - Fjölga nemendum í fjarnámi.
 - Nýta stafræna möguleika til að sækja fram og efla námið.

Frístunda- og menningarmál

Stöðumat og greining áhrifa sameiningar

Samráð var haft við stjórnendur og sérfræðinga í málaflokknum

Frístundastarf

- Mikið samstarf er á milli sveitarfélaganna þegar kemur að frístundastarfi.
- Almennt er litið framhjá sveitarfélagamörkum þegar kemur að frístundaþjónustu barna og hafa börn í Akrahreppi aðgang að öllum viðburðum og þjónustu til jafns við börn í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Hús frítímans

- Hús frítímans er miðstöð tómsundastarfs allra íbúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
 - Íbúar Akrahrepps hafa einnig aðgang að húsinu og Akrahreppur tekur þátt í kostnaði við reksturinn.
- Þar er starfsemi fyrir ungmenni, eldri borgara og grunnskólabörn.
 - Einnig opið fyrir aðra félags- og menningarstarfsemi íbúa sveitarfélaganna.
- Frístundastrætó er í boði á föstudögum en hann fer frá Grunnskólanum austan vatna með viðkomu á Hólum og frá Varmahlíðarskóla.
 - Akrahreppur hefur ekki tekið þátt í kostnaði við frístundastrætóinn en börn Akrahrepps fá að nota hann.

Menningarstarf

- Bæði sveitarfélögin búa að ríku menningarstarfi og reglulega eru haldnir viðburðir á þeirra vegum.
- Sveitarfélögin eiga ekki mikið formlegt samstarf um menningarstarf sín á milli.
 - Árlegt þorrablót í Skagafirði er sameiginlegur viðburður.
 - Sveitarfélögin reka sameiginlega bóka-, skjala-, minja- og listasafn.
- Sveitarfélögin reka sameiginlega:
 - Menningarhúsið Miðgarður
 - Menningarhúsið á Sauðárkróki
 - Þar verður ýmis safnastarfsemi, svo sem Héraðsskjalasafn, aðstaða fyrir Byggðasafn og fleira. Starfsemi í húsinu er ekki ætlað að vera í samkeppni við önnur menningarhús, svo sem Miðgarð, um tónleikahald og þess háttar.
- Rekstur Byggðasafns Skagfirðinga, Héraðsbókasafns Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga er hjá Sveitarfélaginu Skagafirði, en Akrahreppur tekur þátt í rekstrarkostnaði.
 - Safnastefna Byggðasafns Skagfirðinga var staðfest árið 2020 og nú liggur fyrir skýrsla starfshóps um sýningarhald safnsins.
- Sveitarfélögin eru bæði aðilar að SSNV og greiða til samtakanna.
 - Í samtökin er hægt að sækja styrki og annað slíkt.
- Kórastarf í Skagafirði er skipulagt á svæðisvísu í Skagafirði og ýmislegt annað félagsstarf.

Menningastarf

Sveitarfélagið Skagafjörður

- Í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd sitja þrír fulltrúar og einn áheyrnafulltrúi.
 - Verkefni nefndarinnar eru vel skilgreind í 47. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.
- Tveir verkefnisstjórar starfa með nefndinni.
 - Undir verkefnasvið þeirra fellur rekstur félagsheimila en sveitarfélagið rekur níu félagsheimili.
 - Leitast er að hafa rekstraraðila í öllum félagsheimilum til að halda uppi virku félagsstarfi.
- Viðburðarhald er mikið í sveitarfélaginu og til þeirra má m.a. nefna bæjarhátíðir, Fljótaleika, Hofsós Heim, Lummudaga og Sæluviku.
- Sveitarfélagið styður einnig við menningarstarf með peningastyrkjum, aðstoð við umsóknir í aðra styrki og annað tilfallandi.

Akrahreppur

- Sveitarfélagið og Kvenfélag Akrahrepps halda að meginstefnu utan um menningarstarf í Akrahreppi.
- Í félags- og menningarnefnd sitja þrír fulltrúar og tveir til vara.
 - Nefndin hefur þó ekki skilgreint hlutverk og hefur að mestu leyti verið óvirk.
- Héðinsminni er félagsheimili sveitarfélagsins.
 - Sveitarfélagið sér um rekstur þess en húsvörður hefur daglega umsjón með húsinu.
- Ýmsir viðburðir eru haldnir í Akrahreppi, sem Kvenfélagið sér aðallega um að skipuleggja með aðstoð sveitarfélagsins.
 - Salkjötsveisla á sprengidaginn
 - Kaffiboð á 17. júní
 - Haustfagnaður í ágúst (pálínuboð)
 - Hjónaball á haustin þar sem sérstök nefnd sér um skipulagningu
 - Barnaball um jólin

Framtíðarsýn

- Verði af sameiningu sveitarfélaganna er ekki von á miklum breytingum í frístundastarfi.
 - Akrahreppur greiðir fyrir alla sína íbúa í sund í Varmahlíð en í Sveitarfélaginu Skagafirði er frítt í sund fyrir börn til 18 ára aldurs og eldri borgara.
 - Það kæmi til með að breytast ef kæmi til sameiningar.
 - Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 verður áskorun fyrir bæði sveitarfélög, hvort sem af sameiningunni verður eða ekki.
 - Aðrar áskoranir gætu komið upp, s.s. laga- eða reglugerðarbreytingar.
- Ekki er að sjá að sameining hefði í för með sér meiriháttar breytingar í menningarstarfi á svæðinu.
 - Tækifæri liggja helst í uppbyggingu á starfinu, m.a. uppbyggingu og nýtingu safna í Skagafirði.
 - Auk þess fengi félagsstarfsemi í öllum Skagafirði aðgang að verkefnistjórum í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Umhverfis- og skipulagsmál

Stöðumat og greining áhrifa sameiningar

Samráð var haft við stjórnendur og sérfræðinga í málaflokknum

Skipulags- og byggingarmál

Akrahreppur

- Í byggingar- og skipulagsnefnd sitja þrjár fulltrúar og tveir til vara.
- Nefndin tekur ákvarðanir á sviði skipulags- og byggingarmála sem ekki falla undir verksvið skipulags- og byggingarfulltrúa.
 - Skipulags- og byggingarfulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja fundi nefndarinnar.
- Akrahreppur kaupir þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa af Sveitarfélaginu Skagafirði sem starfar á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Bæði sveitarfélög vinna að heildarendurskoðun aðalskipulaga.

Sveitarfélagið Skagafjörður

- Í skipulags- og byggingarnefnd sitja þrjár fulltrúar og jafn margir til vara auk áheyrnarfulltrúa.
- Samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins annast nefndin störf sem 6. gr. skipulagslaga kveður á um, skipulag hafnarsvæða að tillögu umhverfis- og samgöngunefndar og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

- Í töflunni má, í dæmaskyni, sjá tilgreiningu verkefna sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum í skipulags- og umhverfismálum.

Lögskyld verkefni	Akrahreppur	Sv. Skagafjörður
Starfandi náttúruverndarnefnd	Nei	Já*
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	Já	Já
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	Nei	Já
Gjald innheimt fyrir förgun úrgangs	Nei	Já
Gjald innheimt fyrir meðhöndlun úrgangs	Nei	Já
Skrá yfir jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af fasteignaskrá	Nei	Nei
Árlegar skýrslur um refaveiðar og kostnað við þær	Já	Já

*Umhverfis- og samgöngunefnd fer með málefni sem varða m.a. náttúruvernd.

Umhverfismál

- Í Sveitarfélaginu Skagafirði er starfandi veitu- og framkvæmdasvið sem hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál og umferða- og samgöngumál. Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs er einnig yfirmaður Eignasjóðs sem hefur yfirumsjón með rekstri og viðhaldi á fasteignum sveitarfélagsins.
- Í veitunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja þrjár fulltrúar og jafn margir til vara auk áheyrnafulltrúa.
 - Verksvið hennar er að annast stefnumótun um uppbyggingu, rekstur og þjónustusvið hita-, vatns-, sjó- og fráveitu.
- Í umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins sitja þrjár fulltrúar og jafn margir til vara auk áheyrnafulltrúa.
 - Nefndin fer með hafnamál skv. hafnalögum nr. 61/2003 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu.

Sorphirða og losun rotþróa

- Sameiginlegur verktaki sinnir sorphirðu og losun rotþróa í sveitarfélögunum.
- Unnið er að sameiginlegu útboði sorpmála sem mun hafa í för með sér breytingar hvort sem til sameiningar kemur eða ekki.
 - Í kjölfar útboðsins verður gjaldskrá Sveitarfélagsins Skagafjarðar endurskoðuð og samræmd innan svæðisins.
- Samkvæmt lögum skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við kostnað.
 - Gjaldskrá verður tekin upp í Akrahreppi og innheimta hefst árið 2022.
- Skagafjarðarveitur þjónustar bæði sveitarfélögin, sér um rekstur og fer með aðra starfsemi sem tengist vinnslu, dreifingu og sölu á heitu vatni á svæðinu.

Framtíðarsýn

- Samkvæmt 2. gr. samstarfssamnings um skipulags- og byggingarfulltrúa útvegar Akrahreppur viðeigandi skjalavistunar- og skráningarkerfi en notast er við mismunandi kerfi í sveitarfélögunum tveimur.
 - Að mati sérfræðinga sem komu á fund samstarfsnefndarinnar myndi sameining sveitarfélaganna leiða af sér hagræði þegar kemur að vinnslu og skráningu mála í eitt og sama kerfið.
 - Slíkt myndi auðvelda skipulags- og byggingarmál og bæta aðgengi íbúa að gögnum.
- Ekki er von á miklum breytingum í skipulags- og umhverfismálum að mati nefndarinnar m.a. vegna þess að í dag eru verkefnin unnin í samstarfi eða með samningi um að Sveitarfélagið Skagafjörður veiti viðkomandi þjónustu.
 - Helsta breytingin væri sú að í Akrahreppi greiða íbúar ekki byggingarleyfisgjöld samkvæmt gildandi fyrirkomulagi en greitt er fyrir slík gjöld í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Fjármál

Stöðumat og greining áhrifa sameiningar


Samráð var haft við stjórnendur og sérfræðinga í málaflokknum

Meginreglan um ábyrga fjármálastjórn

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

- Í því felst m.a. að veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum lána.
- Bæði sveitarfélög hafa afgang veltufé eftir afborganir langtímalána frá árinu 2017, að undanskildu árinu 2020 hjá Akrahreppi.
- Sameinað sveitarfélag hefði ágætt svigrúm til fjárfestinga.

Veltufé frá rekstri að frádr. afb. langtímalána árin 2016 - 2020 í þús. kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf


Fjárhagsleg viðmið

- Í 6. gr reglugerðar nr. 502/2012 koma fram viðmið um rekstur sveitarfélaga sem eiga að tryggja fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri. Þessi viðmið eru:
 - Jafnvægisregla* sem segir að sveitarstjórn skuli sjá til þess að heildarútgjöld til rekstrar samstæðu séu á þriggja ára tímabili ekki hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
 - Skuldaregla* sem segir að sveitarstjórn skuli sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og sameinað sveitarfélag standast bæði jafnvægisreglu og skuldareglu árin 2016–2020.

Jafnvægisregla í þús. kr.




Skuldahlutfall



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf

Tekjur sveitarfélaganna

- Í 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 kemur fram að tekjustofnar sveitarfélaga séu fasteignaskattur, framlög til sveitarfélaga og útsvör. Auk þess fá sveitarfélögin tekjur af eigin eignum, atvinnurekstri o.fl.
- Á myndinni má sjá yfirlit tekna sveitarfélaganna reiknað á íbúa og landsmeðaltal tekna sveitarfélaga árið 2019.
- Heildartekjur í Sveitarfélaginu Skagafirði á íbúa eru hærri en landsmeðaltalið en tekjur í Akrahreppi eru lægri en landsmeðaltalið.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf


Útsvar og fasteignagjöld

- Bæði sveitarfélögin leggja á hámarksútsvar, 14,52%.
- Álag á fasteignir eru:
 - 0,475% á A-lið í báðum sveitarfélögum.
 - 1,320% á B-lið í báðum sveitarfélögum.
 - 1,650% í Sveitarfélaginu Skagafirði og 0,475% í Akrahreppi.
- Álögð gjöld á fasteignir reiknaðar á íbúa eru sambærileg milli sveitarfélaga í A-lið.
- Í Akrahreppi eru engar opinberar byggingar sem falla undir B-lið.
- Fáar eignir í Akrahreppi falla undir C-lið.
- Vísbendingar eru um að álagning skatta breytist lítið við sameiningu sveitarfélaganna.

Álag á fasteignir árið 2021



Álögð fasteignagjöld á íbúa í þús. kr. árið 2020



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf

Samningur um framkvæmd verkefna

- Sveitarfélögin eiga í umfangsmiklu samstarfi þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður sinnir meginþorra þjónustu til íbúa Akrahrepps.
- Akrahreppur greiddi 162,7 m. kr. árið 2020 vegna þjónustu sem Sveitarfélagið Skagafjörður veitir og þátttöku í framkvæmdum skv. samstarfssamningi um framkvæmd verkefna.
 - Þar af er kostnaður vegna skóla og leikskóla hæsti útgjaldaliðurinn og voru greiðslur á árinu 2020 samtals 123 m. kr.
- Greiðslurnar nema um 83% af útgjöldum Akrahrepps og varða helstu verkefni sveitarfélaga árið 2020.
- Framkvæmd samningsins er rædd á sameiginlegum fundi byggðarráðs og hreppsnefndar einu sinni á ári í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Kostnaðarliður 2020	Upphæð í þús. kr.
Dagdvöl	4.283
Fasteignagjöld	735
Ársalir	8.021
Birkilundur	123
Sundlaug Varmahlíð	437
Málefni Fatlaðra	2.879
Skólaakstur	5.876
Lífeyrishækkningar til LSR B-deildar	323
Skipulag og byggingaeftirlit	975
Fræðslumál	123.164
Framkvæmdir v. Förgu	15.923
Samtals	162.739

Sameiningarframlög

- Sameiningarframlög sveitarfélaganna m.v. ársreikninga ársins 2020 má sjá í töflunni til hægri.
- Áætlað er að sveitarfélögin fái alls 728 m.kr.
 - Sameiningarframlög taka mið af ársreikningum árið fyrir sameiningu og eru greidd út á sjö árum eftir samkomulagi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna.
 - Miðað er við að lágmarki 80% af skuldajöfnunarframlagi fari í niðurgreiðslu skulda eða nýtt í fjárfestingar sem þegar hafa verið samþykktar í fjárhagsáætlunum.
- Breytingar á tekjujöfnunar- og útgjaldaframlögum skv. upplýsingum frá Jöfnunarsjóði í júní:
 - tekjujöfnunaframlög lækkar um 24.934 þús. kr.
 - útgjaldajöfnunarframlög lækka um 10.479 þús. kr.
 - vísbendingar eru um að framlög Jöfnunarsjóðs gætu lækkað um 35 m. kr. eftir árið 2028 að óbreyttu jöfnunarkerfi og fjölda sveitarfélaga
 - stefna stjórnvalda er að fækka sveitarfélögum og breyta jöfnunarkerfinu.

Í m. kr.	Sveitarfélagið Skagafjörður	Akrahreppur	Samtals
Skuldajöfnunarframlag	400	0	400
Fast framlag	100	100	200
Byggðaframlag	122	6	128
Samtals framlög	622	106	728


Sveitarfélag	Tekjujöfnunarframlag	Útgjaldajöfnunarframlag	Samtals framlög
Sveitarfélagið Skagafjörður	0	484.561.889	484.561.889
Akrahreppur	24.934.859	29.541.961	54.476.820
Samtals	24.934.859	514.103.850	539.038.709
Sameinað sveitarfélag	0	503.624.815	496.036.451
<i>Mismunur</i>	<i>-24.934.859</i>	<i>-10.479.035</i>	<i>-35.314.893</i>

Heimild: Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga.


Eignir og skuldir

- Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar voru 11,01 ma. kr. árið 2020 og hafa vaxið um 40% frá árinu 2016.
- Eignir Akrahrepps voru 337 m. kr. og hafa vaxið um 30% frá árinu 2016.
- Skuldir og skuldbindingar Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu 7,8 ma. kr. árið 2020.
- Skuldir og skuldbindingar Akrahrepps námu 43,4 m. kr. árið 2020.
 - Skuldir Akrahrepps eru einungis skammtímaskuldir og eru útistandandi reikningar vegna vöru- og þjónustukaupa.
- Sameinað sveitarfélag hefði
 - eignir samstæðu um 11,4 ma. kr.
 - skuldir og skuldbindingar um 7,85 ma. kr.

Eignir samstæðu í þús. kr.



Skuldir og skuldbindingar samstæðu í þús. kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf


Eignir og skuldir á íbúa

- Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu 2.712 þús. kr. á íbúa árið 2020.
- Eignir Akrahrepps námu 1.607 þús. kr. á íbúa árið 2020.
- Eignir í sameinuðu sveitarfélagið hefðu verið 2.658 þús. kr. árið 2020.
- Skuldir og skuldbindingar Akrahrepps námu 206 þús. kr. á íbúa árið 2020
- Skuldir og skuldbindingar Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu 1.908 þús. kr. á íbúa árið 2020.
- Sameinað sveitarfélag hefði skuldir og skuldbindingar á íbúa 1.825 þús. kr. árið 2020.
- Landsmeðaltal skulda og skuldbindinga á íbúa var 1.989 þús. kr. árið 2020.

Eignir á íbúa



Skuldir og skuldbindingar á íbúa




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf

Nýting skuldajöfnunarframlaga

- Skuldajöfnunarframlög skv. upplýsingum frá Jöfnunarsjóði eru samtals 400 m. kr.
 - Jöfnunarsjóður leggur til að lágmarki 80% af skuldajöfnunarframlagi fari til niðurgreiðslu skulda eða til nýtingar til fjárfestinga sem hafa þegar verið samþykktar á fjárhagsáætlunum.
- Á myndinni hér til hægri má sjá sviðsmynd um nýtingu skuldajöfnunarframlaga til niðurgreiðslu skulda sveitarfélaganna.
- Forsendur sviðsmyndarinnar eru:
 - öll skuldajöfnunarframlög eru nýtt til niðurgreiðslu skulda í sameinuðu sveitarfélagi
 - ekki er tekið tillit uppgreiðslu á lánum og breytingum á vaxtagreiðslum v. uppgreiðslu
 - mannfjöldaspá byggir á miðspá Byggðastofnunar.
- Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að í sameinuðu sveitarfélagi yrðu skuldir og skuldbindingar á íbúa árið 2024 samtals 1.940 þús. kr.
- Ef skuldajöfnunarframlög eru nýtt yrðu skuldir og skuldbindingar á íbúa í sameinuðu sveitarfélagið 1.862 þús. kr. árið 2024.

Skuldir á íbúa skv. fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna með og án skuldajöfnunarframlags í þús. kr.



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaganna, RR ráðgjöf

Fjárfestingar í sameiginlegum verkefnum


- Framundan eru miklar fjárfestingar og viðhald á fasteignum í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna.
- Í töflunni til hægri má sjá áætlaðan heildarkostnað, sundurliðað eftir verkefni.
 - Eignar- og kostnaðarhlutur skiptist ýmist eftir íbúafjölda eða eignarhaldi.
 - Kostnaðaráætlun getur tekið breytingum þegar fullnaðarhönnun liggur fyrir.
- Í töflunni má einnig sjá verkefni sem fyrirhugað er að ráðast í á næstu árum en kostnaðaráætlun hefur ekki farið fram.

Verkefni	Eignarhlutur		Áætlaður heildarkostnaður	2022	2023 og síðar
	Akrahreppur	Sveitarfélagið Skagafjörður			
Varmahlíðarskóli	25%	75%	1.256.000	160.000	1.096.000
Framlög frá Menningarsetri Skagfirðinga			-160.000	-160.000	
Tekjur vegna sölu á húsnæði leikskólans Birkilundar	25%	75%			
Standsetning nýrrar deildar Birkilundar	25%	75%	2.000	2.000	
Sundlaug í Varmahlíð (nýtt hreinsikerfi)	25%	75%	90.000	10.000	80.000
Íþróttamiðstöðin í Varmahlíð (lyfta)	25%	75%			
Byggðasafn Skagfirðinga	5%	95%			
Menningarhúsið Miðgarður	17%	83%	8.000		8.000
Menningarhúsið Sauðárkróki	5%	95%	400.000	30.000	370.000
Verknámshús FNV	5,0%	95,0%	151.000		151.000
Fjölgun hjúkrunarrýma	0,76%	14,24%	225.000		225.000
Sameiginlegar eignir (gjaldfært)	15%	85%	20.000	5.000	15.000
Alls			1.992.000	47.000	1.945.000

Fjárfestingar í sameiginlegum verkefnum

- Heildarkostnaður þessa verkefna til næstu fjögurra ára er tæplega 2 ma. kr.
 - Hlutdeild Akrahrepps 326 m. kr.
 - Hlutdeild Sv. Skagafjarðar 1.655 m. kr.
- Á árinu 2022 er ekki gert ráð fyrir að miklum kostnaði en á árunum 2023 til 2025 er áætlað að meginhluti framkvæmda fari fram.
- Þær áætlanir taka mið af því að sveitarfélögin sameinist og sameiningarframlög að upphæð 728 m. kr. skili sér.
- Verði ekki af sameiningu munu framkvæmdirnar dreifast á lengri tíma.

Áætlaðar fjárfestingar í sameiginlegum verkefnum í þús. kr.



Skilabréf og álit samstarfsnefndar

Samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga skal samstarfsnefnd skila álit sínu um sameiningu til sveitarstjórna sveitarfélaganna sem taka málið á dagskrá og hafa um það tvær umræður án atkvæðagreiðslu.

Skilabréf og álit

Greinargerð þessi er fylgiskjal með skilabréfi nefndarinnar þar sem álit hennar kemur fram:

Það er álit nefndarinnar að sameining Skagfirðinga í eitt sveitarfélag hafi fleiri kosti en galla. Sameiningu sveitarfélaganna fylgja áskoranir sem nefndin telur að hægt sé að mæta með útfærslu stjórnskipulags þar sem íbúar fái meiri tækifæri til beinnar þátttöku í ákvarðanatöku.

Að mati nefndarinnar mun sameining sveitarfélaganna hafa í för með sér aukna fjárfestingageta og stuðla að hraðari uppbyggingu í Varmahlíð. Sveitarfélag allra Skagfirðinga mun hafa sterkari rödd við að koma hagsmunum íbúa og atvinnulífs í Skagafirði á framfæri við stjórnvöld. Öflugt sveitarfélag með einfalda og skilvirka stjórnsýsla, sem leitar eftir sjónarmiðum íbúa með skipulögðum hætti getur bætt búsetuskilyrði og veitt framúrskarandi þjónustu til framtíðar.

*Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram **19. febrúar 2021** í báðum sveitarfélögum. Atkvæðagreiðslan skal fara fram skv. lögum um kosningar nr. 112/2021.*

Fyrirmynd að kjörseðli

Kjörseðill vegna atkvæðagreiðslu í Akrahreppi, laugardaginn 19. febrúar 2022

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í feringinn fyrir framan „Já”

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í feringinn fyrir framan „Nei”

Já

Nei

Tillaga að auglýsingu

Samstarfsnefnd um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur til að eftirfarandi auglýsing verði birt í Lögbirtingablaði og öðrum fjölmiðlum, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eftir að tillagan hefur fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna.

Tillaga um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Samstarfsnefnd um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur unnið greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram laugardaginn 19. febrúar í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun um kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

18. desember 2022

RR RÁÐGJÖF

Skipholt 25

105 Reykjavík

rrradgjof.is

robert@rrradgjof.is

649-5535



- **Róbert Ragnarsson, framkvæmdastjóri** er með meistarapróf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Árósum.



- **Freyja Sigurgeirsdóttir, ráðgjafi** er með meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands.



- **Gunnar Úlfarsson, ráðgjafi** er með meistarapróf í hagfræði og fjármálum frá St Andrews háskóla í Skotlandi.